

## 9. Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði fimmtudaginn 4. Nóvember 2010 kl 20:00

Mættir eru: Óskar Þór, Þorsteinn, Kristín, Þorgerður, Kristlaug, Anna Kristín, Jóhanna, Sigurður Bjarni

1. Fundargerð stjórnarfundar UMSE 14. október 2010  
Fundargerð samþykkt.
2. Styrkumsóknir  
Engar umsóknir bárust.
3. Verkefni frá síðasta fundi
  - a. Starfssamningur frjálsíþróttabjálfa  
Óskar hitti Ara ekki, Þorsteinn hitti hann, var búinn að gera drög að samningi. Búið að semja um launakjör og bíður hann undirritunar. Samþykktur af stjórn.
  - b. Bréf frá UMFÍ vegna ULM  
Það er ennþá í vinnslu, spurning um að tala við unglingslandsmótsnefndina um innihald bréfsins.
4. Formannafundur ÍSÍ og Mótafundur FRÍ.  
Óskar kemst ekki á formannafundinn sem er föstudaginn 19. nóvember 2010, þannig að það verður einhver annar að fara. Kristín fer í hans stað. Mótafundurinn er sunnudaginn 21. nóvember 2010 Þorsteinn ætlar að tala við Ara og athuga hvort hann hafi áhuga á því að fara. Óskar ætlar að svara póst frá Þuru um MÍ 15 -22. Ef Ari kemst ekki ætlar Kristín að athuga hvort hún komist.
5. Skýrsla NMU-20 og fundargerð síðasta fundar  
Lokafundur mótanefndar var haldinn föstudaginn seinasta. Skýrslan var kynnt fyrir nefndinni, RÚV ætlaði að vera með þátt um mótið og vildi Þorsteinn fá að vita hvort að það lægju fyrir skriflegir samningar um styrki fyrir þættinum. Ágóða af mótinu voru rúmar fimm milljónir og því er hluti UMSE af ágóðanum rúm tvær og hálf milljón. Ákveðið var að senda jólakort á alla starfsmenn sem unnu að NMU-20.
6. Sambandsráðsfundur UMFÍ 16. október 2010  
Óskar sótti þennan fund. Verndum þau námskeið var á föstudagskvöldinu á sambandsráðsfundinum. Kona frá Barnahúsinu var með erindi og lýsti ferli sem að fer í gang ef að grunur leikur á afbroti gegn barni.  
Umræða varð um reikninga UMFÍ vegna stuldsins á peningunum og vildu menn fá svör af hverju og hvernig gat þetta gerst. Reikningarnir voru ekki samþykktir á þinginu.  
Flestar tillögur sem lagðar voru fram voru samþykktar óbreyttar, en sumar með smá breytingum. Lögð var fram könnun á menningarstarfi innan UMFÍ til að kanna störf innan UMSE og aðildarféлага.
7. Stofnun bankareikninga og færsla fjármagns yfir í einn viðskiptabanka  
Færa á alla fjármuni UMSE úr þremur bönkum yfir í einn viðskiptabanka.
8. Innsend bréf  
- Frá UMFÍ, hvetur alla sambandsaðila um að setja upp málsþing.

## 9. Önnur mál

- Ákveðið er að bjóða Öbbu á Bjargi og maka á jólafundinn í þakklætisskyni fyrir styrk sem hún veitti vegna NMU-20 en hún gaf gistingu íslensku keppendanna.
- Óskar fór með Þuru á bíl austur á Egilsstaði á sambandsráðsfundinn og ræddu málin með samstarf þjálfara. Það eru raddir innan UFA sem vilja slíta á þau bönd. Óskar ætlar að boða fund með stjórn UFA og UMSE til að ræða samstarfs málin.
- Áætlað er að fara út að borða í desember, stjórn og makar, búið er að bæta við Aðalbjörgu og Óla, Kristín vill klára frjálsíþróttanefndina og bjóða rest og mökum og Ásgeiri Hauksyni. Kristín ætlar að taka það að sér að sjá um að finna veitingastað og panta borð. Athuga á með laugardagskvöldið 4. desember nk.
- Ari sendi inn nafnalistann fyrir október, á honum voru 18 nöfn.
- Þorsteinn sendi á Rauða krossinn um að hafa skyndihjálparnámskeið, tekið var vel í þetta og jafnvel hægt að sníða þetta að okkar þörfum, í kringum okkar starf. Þorsteinn ætlar að vinna betur í þessu.
- Þorsteinn er búinn að borga stangastökks stangirnar. Hann fékk verkefni frá KSÍ um að senda inn hversu margir leikir voru leiknir hjá félaginu í sumar.
- Þorsteinn er búinn að athuga með þátttöku á Felix námskeiði.
- Þorsteinn biður um leyfi til að kaupa lítinn Toner prentara til að geta notað hér á skrifstofunni og eins og þingum. Óskar ætlar að athuga hvort að það sé hægt að fá prentara fyrir lítinn pening upp í HA þar sem þeir eru ekki í notkun.
- Þorsteinn biður um að fá „dokku“ undir tölvuna og að kaupa stimpil með UMSE lógói.
- Anna Kristín minnti á styrkbeiðnirnar til sveitarfélaganna. Það þarf að fara að senda þær út.
- Þorgerður lagði til að athuga hvort að afgreiðslan í Hamars heimilinu gæti ekki tekið við peningi vegna séræfinganna.
- Komin er heimasíða fyrir frjálsarnar innan UMSE. frjalsar.umse.is
- Óskar átti gott samtál við Starra vegna Þorvaldsdalsskokkið. Hann vill skoða heimasíðu í gengum UMSE fyrir Ungmennafélagið Æskuna og er hann til í virkja önnur ungmennafélög til að stofna heimasíðu. UMSE hefur til umráða pósthöng handa ungmennafélaganna.

## 10. TRÚNAÐARMÁL.

Rætt um veitingu á starfsmerki UMSE á næsta ársþingi.

Fundi slitið 22:15

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður